

**Ed.**

**748. Frumvarp til laga**

[325. mál]

um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka.

Flm.: Oddur Ólafsson.

**1. gr.**

Af hverri þriggja þela flösku af sterku víni, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skal í næstu 10 ár greiða gjald að upphæð kr. 100.00 og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Gjald þetta skal renna í sérstakan sjóð til varnar gegn drykkjusýki. Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

**2. gr.**

Fé því, sem rennur í sjóð til varnar gegn drykkjusýki samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til félagasamtaka og einstaklinga, er vinna að því að hamla

gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Veita má lán og styrki til þess að koma á fót og reka afvötnunar- og ráðleggingarstöðvar fyrir drykkjusjúka, svo og vinnu- og endurhæfingarstöðvar. Þá er og heimilt að verja allt að 10% af árstekjum sjóðsins til styrktar þeim, er reka áróður gegn áfengisneyslu. Lán og styrkir úr sjóðnum til stofnana mega nema allt að 75% af stofnkostnaði.

### 3. gr.

Heilbrigðismálaráðherra tekur ákvarðanir um lán og styrkveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum tryggingaráðs. Tryggingastofnun ríkisins setur reglugerð um lánakjör sjóðsins og hlutfall milli lána og styrkja. Einnig skal hún samþykkja starfsreglur þeirra aðila, er aðstoðar njóta.

### 4. gr.

Áfengisverslun ríkisins er heimilt að hækka verð á sterkum drykkjum um sömu upphæð og nemur framlagi til sjóðsins. Hækkunin skal ekki hafa áhrif á K-visitölu.

### 5. gr.

Sjóðnum er ekki ætlað að veita lán eða styrk til þeirra stofnana, sem ríkið rekur til hjálpar drykkjusjúkum, heldur stuðla að viðbót við þær aðgerðir.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1974.

## Greinargerð.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförunum árum, hafa leitt það í ljós, svo að ekki verður um villst, að drykkjuskapur fer vaxandi hér og þá einkum hjá yngri aldursflokkunum.

Þeim, er að málefnum drykkjusjúkra vinna, dylst það ekki, að misnotkun áfengis er stærsta og alvarlegasta félagslega vandamálið, sem við eigum við að stríða. Þúsundir Íslendinga eru vanheilir vegna ofdrykkju og hundruð fjölskyldna líða á ýmsan hátt vegna áfengisvandamálsins. Þótt hið opinbera hafi á undanförunum árum sýnt nokkra viðleitni til þess að hjálpa drykkjusjúkum, þá er varla ofmælt, þótt sagt sé, að sá hópur hafi verið olnbogabarn um langa hríð.

Baráttan gegn áfengisvandamálinu er erfið og ekki að vænta skyndiárangurs. Þó er vitað, að félagasamtök og einstaklingar, er af áhuga vinna að þessum málum, hafa náð athyglisverðum árangri.

Það er tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps að styðja við bakið á þeim, sem af áhuga og fórnfýsi vilja vinna að umbótum á þessu sviði, vilja vinna að því að greiða úr þeim þjóðarvanda, sem hér er um að ræða.

### *Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Við 1. gr.

Ætla má, að gjald það, sem hér um ræðir, muni nema 120—130 milljónum króna árlega. Erfitt er að segja til um það, hve hárrí upphæð gjaldið muni nema alls, þar eð búast má við því, að verðhækkunin muni fækka eitthvað þeim brennivinsflöskum, sem seldar verða, og er það út af fyrir sig árangur.

#### Við 2. gr.

Mörg félagasamtök og einstaklingar vinna að því að hjálpa drykkjusjúkum eða vara við hættunni af áfengisneyslu. Með auknum fjárráðum má ætla, að árangur yrði meiri af þessari viðleitni. Drukknir einstaklingar, sem lögreglan tekur í sína vörslu, eiga nú varla annars kost en að gista í fangageymslu og vera fleygt út að

morgni. Nauðsyn er að koma upp aðstöðu til þess að geta veitt þessum vesalingum þjónustu, tekið þá til rannsóknar og grafið fyrir um orsakirnar að drykkju þeirra. Slík afvötnunar- og rannsóknarstöð ætti að njóta forgangshjálpar úr sjóðnum, þar eð telja verður, að hún sé eitt brýnasta úrlausnarefnið. Sjálfsagt er, að sjóðurinn styrki og láni til endurhæfingar og vinnuaðstöðu drykkjusjúkra. Slík starfsemi er nauðsynleg, þegar sjúkrahúsvist lýkur.

Áróður gegn vındrykkju og drykkjuósiðum er að sjálfsögðu eitt veigamesta atriðið til varanlegra úrbóta. 10% af árlegum tekjum sjóðsins mundu auka möguleika bindindishreyfingarinnar og annarra þeirra aðila, er að áfengisvörnum vinna, til þess að sinna þeirri starfsemi.

Við 3. gr.

Æskilegt er, að þau lán, sem sjóðurinn veitir, séu veitt til langs tíma, 10—15 ára, og með vægum vöxtum. Líklegt er, að heppilegt sé, að helmingur aðstoðar sé að jafnaði lán og helmingur styrkur. Það er nauðsynlegt að Tryggingastofnun ríkisins kynni sér starfsaðferðir og fái áætlun um störf þeirra, er aðstoðar njóta.

Við 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 5. gr.

Ákvæðið um það, að sjóðurinn aðstoði ekki þær stofnanir, er ríkið rekur til hjálpar drykkjusjúkum, er sett til þess að tryggja, að aðstoð hans sé hrein viðbót og auki fjölbreytni í aðgerðum til varnar gegn drykkjusýki og til lækninga á drykkjusjúkum.